

**Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**



Reykjavík, 23. nóvember 2007.

Efni: Þingsályktunartillaga um rannsókn á áhrifum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að gerð verði ítarleg rannsókn á áhrifum og afleiðingum markaðsvæðingar samfélagsþjónustu.

Viðskiptaráð hefur ávallt hvatt hið opinbera til að marka sér þá stefnu að um leið og einkaaðilar hasla sér völl á einhverju sviði verði sambærileg verkefni ríkisstofnana lögð niður. Þannig ætti hlutverk ríkisins að vera það að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi, þar sem samkeppni og markaðslögmál fá þrífist, án inngripa eða röskunar af hálfu hins opinbera. Ætti ríkið því að einbeita sér að rekstri þeirrar grunnþjónustu sem sátt er um hverju sinni að ríkið sinni.

Það er rétt sem kemur fram í greinargerð tillögunnar að einkavæðing og einkaframkvæmdir hafi áhrif á starfsaðstæður, kjarasamninga sem segja til um laun, kjör og réttindi, atvinnustig og möguleika til að veita allra besta almannþjónustu. Að mati ráðsins hefur reynslan sýnt það að slík áhrif hafa verið til hins góða enda hefur atvinnulífið og mannlífið sjaldan eða aldrei blómstrað á þann hátt sem það gerir í dag. Nýsköpun og samkeppni er áberandi hér á landi og frelsi einstaklingsins til að semja um sín laun, sín kjör og sín réttindi hefur aldrei verið jafn mikið.

Til að styrkja stöðu og bæta starfsumhverfi almannþjónustunnar og starfsmanna hennar er þarft að færa stöðu starfsmanna hins opinbera sem næst því sem gerist á almennum markaði. Undir þetta falla réttindi sem og skyldur. Þannig ætti starfsmönnum hins opinbera að vera gert kleift að semja um kaup sín og kjör, rétt eins og um einkafyrirtæki væri að ræða, en að sama skapi ættu þeir ekki að hafa nein umframréttindi gagnvart sínum atvinnurekanda. Enn fremur er þarft að auka kostnaðarvitund opinberra stofnanna og draga úr yfirbyggingu þeirra, með því móti væri unnt að ráðstafa fjármunum þeirra á mun hagkvæmari hátt en nú er gert.


Viðskiptaráð telur að rannsókn af þessu tagi muni leiða í ljós góðan árangur einkavæðinga og einkaframkvæmda undanfarin ár. Að mati ráðsins er hins vegar þarft að hafa rannsóknarefni hennar víðtækara, þ.e. að skoðað verði einnig gæði og árangur opinbers rekstrar slíkrar þjónustu og samanburður gerður við gæði og árangur einkarekstrar. Það er einnig afar brýnt að

rannsókn þessi verði alfarið unnin á vegum sérfræðinga þannig að unnt sé að koma í veg fyrir að pólitískur ágreiningur um efnið verði þess valdandi að lítil sem engin niðurstaða fáið sem unnt er að draga einhverjar ályktanir af.

Að endingu sér ráðið ekki ástæðu til að falla frá áformum um frekari einkavæðingu og einkarekstur þar til niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir. Slíkt væri aðeins til þess fallið að hamla frumvarpsvinnu ráðherra og þingmanna og draga þar með úr skilvirkni Alþingis.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs